

1264. stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 3. júní 2024, kl. 18:00 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Gabríel Benjamín, Þórir Hilmarsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson varamaður. Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Herdís Rán Magnúsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Halla Gunnarsdóttir, Arnþór Sigurðsson varamaður, Selma Björk Grétarsdóttir varamaður, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jónas Yngvi Ásgrímsson og Bjarni Þór Sigurðsson sem mætti á fundinn kl. 18:22.

Fjarverandi: Ólafur Reimar Gunnarsson, Jennifer Schröder, Sigurður Sigfússon, Sigríður Lovísa Jónsdóttir og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Næsti fundur: 12. júní 2024.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, bauð stjórnarfólk velkomið og setti fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1263. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1263. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Sameining VR og Leiðsagnar félags leiðsögumanna.

Fyrir fundinum lág skjalið: „Samningur um sameiningu VR og Leiðsagnar“.

Ragnar stiklaði á stóru um viðræðurnar um sameiningu VR og Leiðsagnar.

Stefán fór yfir samninginn um sameininguna lið fyrir lið. Hann greindi m.a. frá því að gert sé ráð fyrir að VR og Leiðsögn sameinist frá og með 30. apríl 2025. Félagsgjald félagfólks Leiðsagnar verður 0,7% af launum, af sama stofni og iðgjöld til lífeyrissjóða eru reiknuð af. Þá mun sjálfstætt starfandi leiðsögufólk greiða full iðgjöld eins og félagfólk VR greiðir, bæði hvað varðar félagsgjald sem og greiðslur í alla sjóði á vegum VR.



VR mun taka yfir eignir og skuldir Leiðsagnar við sameiningu auk samninga sem Leiðsögn hefur gert, bæði er varðar kjarasamninga sem og aðra samninga.

Stefnt verður að sameiningu endurmenntunarsjóðs Leiðsagnar og Starfsmenntasjóðs verslunar og skrifstofufólks (SVS). Hafa verður í huga að báðir þessi sjóðir eru stofnaðir og reknir í samstarfi við Samtök atvinnulífsins.

Vinna við sameiningu félaganna hefst þegar stjórnir Leiðsagnar og VR hafa samþykkt samninginn um sameiningu félaganna. Stjórnir Leiðsagnar og VR þurfa að samþykkja samninginn og í framhaldinu leggja sameiningu félaganna fyrir aðalfundi sinna félaga, sem haldnir verða í mars og apríl 2025. Auk þess þarf að breyta lögum VR til þess að af sameiningu geti orðið. Full sameining getur því ekki orðið fyrr en eftir samþykki aðalfunda beggja félaga.

Vinnu við sameiningu félagsskráa á að vera lokið fyrir 15. maí 2025. Fram að þeim tíma verður Leiðsögn rekið sem sér stéttarfélag á skrifstofu VR í Reykjavík. Gerður verður sérstakur rekstrarsamningur milli VR og Leiðsagnar vegna reksturs Leiðsagnar fram að mögulegri sameiningu félaganna.

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykki stjórnar VR, áreiðanleikakönnun á skuldum, skuldbindingum og eignum Leiðsagnar, samþykki stjórnar og aðalfundar Leiðsagnar, samþykki aðalfundar VR og breytingar á lögum VR.

Samningurinn í heild sinni er aðgengilegur stjórn VR í máli merktum fundinum í stjórnargátt í skjalakerfi VR.

Ragnar tók við af Stefáni og bætti við að einhugur virðist innan Leiðsagnar um sameiningu. Lögð er áhersla á að þegar af formlegri sameiningu hefur orðið gildi kjarasamningur VR, þ.e. samningur Leiðsagnar verður aðlagður samningi VR. Hann telur að samningurinn sé til þess fallinn að gera VR betur gildandi innan ferðaþjónustunnar.

Bjarni Þór kom inn á fundinn kl. 18:22 þegar umræður voru að hefjast.

Umræður.

Gabriel óskar eftir að það verði fært til bókar að hann telur að það sé nytsamlegt að fara yfir stöðu félagsfólks leiðsagnar vs. félagsfólks VR út frá m.a. styrkjum og að hægt verði að skoða það áður en loka ákvörðunin verður tekin.

Stefán varpaði upp glæru með hagsmunagreiningu SVÓT sem unnin var vegna sameiningarviðræðnanna og hefur nú þegar verið kynnt á fyrri stjórnarfundum.

Ragnar ber sameiningu VR við Leiðsögn upp til samþykktar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Einn situr hjá.

Halla óskar eftir að það verði bókað að hún samþykkir með fyrirvara um að þetta mál kalli á áriðandi umræðu um stefnu VR til framtíðar.

Fundi slitið kl. 18:57.

